

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 5. júlí kl. 09:15, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 735. embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Haukur Hafliði Nínuson.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Lilja Grétarsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Birkir Ingibjartsson, Guðlaug Erna Jónsdóttir og Ingvar Jón Bates Gíslason.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- Lækjargata 12, breyting á deiliskipulagi** (01.141.2) Mál nr. SN190365
Skjalnr. 6699

630169-2919 Íslandshótel hf., Sigtúni 28, 105 Reykjavík
450913-0650 Atelier Arkitektar slf., Skaftahlíð 16, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn Björns Skaftasonar dags. 13. júní 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Lækjargötu 10 og 12, Vonarstræti 4 og 4B og Skólalabru 2 vegna lóðarinnar nr. 12. við Lækjargötu. Breytingin á einungis við um húshluta að inngarði vegna Lækjargötu 12. Í breytingunni felst að heimilt er að byggja einnar hæðar viðbyggingu er tengist við aðalhäð hússins, stækka veitingaaðstöðu á 1. hæð og nýta þak viðbyggingar sem svalir fyrir einstaka herbergi á 2. hæð, samkvæmt uppdr. Atelier Arkitekta slf. dags. 11. júní 2019.
Vísad til meðferðar verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
- Hólmasund 2, (fsp) útítækjageymsla og** (01.411.1) Mál nr. SN190290
Skjalnr. 14130
sorp- og hjólaskýli

420369-6979 Brynja, Hússjóður Öryrkjabandal, Hátúni 10c, 105 Reykjavík
560496-2739 Arkitektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. júní 2019 var lögð fram fyrirspurn Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalags, mótt 8. maí 2019 um að byggja útítækjageymslu og skyggni við aðalinngang (austurhlíð) hússins á lóð nr. 2 við Hólmasund og byggja sorp- og hjólaskýli við lóðarjaðar að Hólmasundi, samkvæmt uppdr. Glámu/Kím dags. 30. apríl 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019 eru ekki gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað.

3. **Skúlagata 26, 28 og 30, breyting á** (01.154.3) Mál nr. SN190393
deiliskipulagi Skjalnr. 5244
 710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík
 Lagt fram umsókn T.ark Arkitekta ehf. dags 26. júní 2019, varðandi breytingu á deiliskipulagi Barónsreits vegna lóðanna nr. 26, 28 og 30 við Skúlagötu. Í breytingunni fyrir Skúlagötu 26 felst í megin atriðum stækkun byggingarreits og lóðar, breytt aðkoma, hækkun húss úr 60 metrum í 66,5 metra. Einnig er reitur spennistöðvar fluttur til og bætt við heimildum vegna byggingahluta út fyrir byggingareit vegna tæknilegra lausna. Í breytingum fyrir Skúlagötu 28 eru flóttastigar betur skilgreindir á uppdrætti. Bílastæða- og hjólakröfur breytast skv. skilmálum á öllum lóðum samkvæmt uppdrætti T.ark Arkitekta ehf. dags 20. júní 2019.
Vísað til meðferðar verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
4. **Glæsibær 20, Byggja sólstofu** (04.351.508) Mál nr. BN056325
 Skjalnr. 12116
 Ingvar Berndsen, Glæsibær 20, 110 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. júní 2019 var lagt fram erindi frá embættisafgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 18. júní 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja sólstofu við vesturshlið íbúðahúss og breyta bílskúr í stúdíubúð og geymslu á lóð nr. 20 við Glæsibæ. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019.
 Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Erindi fylgir mæliblað 4.351.5 fyrst útgefið 19. september 1964. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019 samþykkt.
5. **Tindasel 1, (fsp) breyting á húsnaði, fjölgun** (04.934.1) Mál nr. SN190330
íbúða o.fl. Skjalnr. 8961
 510497-2799 Félagsbústaðir hf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík
 420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
 Lögð fram fyrirspurn Félagsbústaða hf. dags. 21. maí 2019 um að breyta herbergjasambýlum á lóð nr. 1 við Tindasel í sérbyli og koma fyrir þremur íbúðum í húsinu og reisa annað hús á lóðinni fyrir tvær íbúðir til viðbótar, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 22. maí 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
6. **Hamrahlíð 17, breyting á deiliskipulagi** (01.714.1) Mál nr. SN190406
 Skjalnr. 5398
 420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
 Lögð fram umsókn ASK Arkitekta ehf. dags 1. júlí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Stakkahlíð á lóðinni nr 17 við Hamrahlíð. Breytingin felst í því að byggja inndregna hæð ofan á húsið.
Vísað til meðferðar verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
7. **Langagerði 74, Hækkun á bílskúr** (01.832.208) Mál nr. BN056381
 Skjalnr.
 Kristinn Pálmason, Langagerði 74, 108 Reykjavík
 Lagt fram erindi frá afgangslufundi byggingarfulltrúa 2. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta hurðum, síkka glugga og hækka bílskúr við einbýlishús á lóð nr 74 við Langagerði.
 Erindi fylgir samþykki nágretta á uppdráttum 05-01 og 05-02 dags. 22. mars 2019.
 Gjald kr. 11.200
EKKI er gerð athugasemd við að byggingarleyfisumsóknin verði grenndarkynnt þegar uppdrættir hafa verið lagfærðir.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

8. **Hörgshlíð 10, Forsteypt bílageymsla** (01.730.105) Mál nr. BN054953
Skjalnr. 13999
Torfi G Yngvason, Hörgshlíð 10, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílageymslu með forsteyptum sökklum og samlokuveggjum ásamt geymslu og snyrtingu á lóð nr. 10 við Hörgshlíð. Stærð mhl. 02: 100,4 ferm., 372,8rúmm. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. ágúst 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019. Gjald kr. 11.000
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
9. **Grasarimi 28, Tengibygging - sólstofa** (02.585.505) Mál nr. BN056407
Skjalnr. 5434
Þráinn Sigurðsson, Grasarimi 28, 112 Reykjavík
Lagt er fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja sólstofu til suðurs frá stofu ásamt tengibyggingu á milli íbúðarhúss og bílskúrs á lóð nr. 28 við Grasarima. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
10. **Efstasund 80, breyting á deiliskipulagi** (01.410.0) Mál nr. SN190403
Skjalnr. 5434
Þorsteinn Aðalbjörnsson, Eskivellir 17, 221 Hafnarfjörður
Lögð fram umsókn Þorsteins Aðalbjarnarson dags 28. júní 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Samþykkt 10. nóvember 2005 vegna lóðarinnar nr 80 við Efstasund. Breytingin felst í nýjum bílskúr á lóð samkvæmt uppdrætti Artstone slf. dags 11. júní 2019.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
11. **Grettisgata 45A, Breyting utan og innanhúss** (01.173.120) Mál nr. BN055927
Skjalnr. 5434
571100-2740 Geislasteinn ehf., Vesturfold 34, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. júní 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. júní 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir óverulegri breytingu á þaki í kjölfar viðhalds þar sem mænir er hækkaður, kvistur gerður norðan megin og þakkantar endurnýjaðir ásamt því að skipt er um glugga, innra skipulagi er breytt og innréttingar endurnýjaðar í fjölbýlishúsi á lóð nr. 45A við Grettisgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019.
12. **Grundarstígur 9, (fsp) gististað í flokki II** (01.184.0) Mál nr. SN190405
Skjalnr. 10741
510816-0480 Pálsson Apartments ehf., Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirsögn Pálsson Apartments dags 1. júlí 2019 varðandi leyfi fyrir gististað í flokki II á lóðinni nr 9 við Grundarstíg.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

13. **Hólmaslóð 6, breyting á deiliskipulagi** (01.111.4) Mál nr. SN190402
Skjalnr. 14125
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn ASK Arkitekta ehf. dags 28. júní 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi xxxx vegna lóðarinnar nr. 6 við Hólmaslóð. Í breytingunni felst breyting á þakflötum í þaksvalir samkvæmt deiliskipulagsupphætti ASK Arkitekta ehf. dags. 28. júní 2019.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
14. **Stórhöfði 15, (fsp) varðandi íbúð fyrir** (04.038.8) Mál nr. SN190394
Skjalnr. 8384
húsvörð
711096-2059 S30 ehf., Síðumúla 30, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn S30 ehf. dags 18. júní 2019 varðandi íbúð fyrir húsvörð í atvinnuhúsnæði á lóð nr 15. við Stórhöfða.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
15. **Frostaskjól 24, breyting á deiliskipulagi** (01.512.8) Mál nr. SN190409
Skjalnr. 10860
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds hjá Reykjavíkurborg dags 3. júlí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Eiðsgrandi, stofnanasvæði vegna lóðarinnar nr. 24 við Frostaskjól. Breytingin felst í því að afmarkaður er byggingarreitur fyrir núverandi hús og eina færanlega stofu til viðbótar ásamt tengigangi.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Frostaskjólí 26. 28. 30, 73-79, 89-93, 95-101 og 103.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
16. **Ellidabraut 12-22, (fsp) djúpgámar við** (04.772.7) Mál nr. SN190400
Skjalnr. 13145
fjölbýlishús
Hermann Georg Gunnlaugsson, Barmahlíð 43, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Hermanns Georgs Gunnlaugssonar dags 27. júní 2019 varðandi djúpgáma við fjölbýlishús. Einnig lagt fram bréf dags 26. júní 2019 og upphrátt Teiknistofunnar Stórð dags 26. júní 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
17. **Bauganes 1A, (fsp) varðandi færslu á** (01.672.0) Mál nr. SN190392
Skjalnr. 8792
innkeyrslu
Einar Sævarsson, Bauganes 1A, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Einars Sævarssonar dags 26. júní 2019 varðandi færslu á innkeyrslu á lóðinni nr. 1A við Bauganes. Einnig lagt fram undirskriftarlisti nágretta umsækjanda þar sem aðilar lýsa yfir samþykki sínu.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
18. **Veltusund 3B, (fsp) varðandi breytingu á** (01.140.2) Mál nr. SN190408
Skjalnr. 9504
deiliskipulagi
490911-1540 HALAL ehf., Veltusundi 3b, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn HALAL ehf. dags 2. júlí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar á lóðinni nr 3b við Veltusund. Breytingin felur í sér aukið byggingarmagn á 3. hæð
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
19. **Laugavegur 53B, (fsp) breyting á rekstri** (01.173.0) Mál nr. SN190395
Skjalnr. 8913

Simon S Wiium, Mánatún 15, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Símonar S Wiium dags 12. júní 2019 varðandi breytingu á rekstri verslunarrýmis að Laugavegi 53B í kaffi- og vínbar.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

20. **Þórsgata 13, (fsp) bílastæði** (01.181.1) Mál nr. SN190384
Skjalnr. 11489
Julian Mark Williams, Þórsgata 13, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Julian Mark Williams dags. 21. júní 2019 um að setja bílastæði á lóð nr. 13 við Þórsgötu.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
21. **Langholtsvegur 136, Bílskúr - svalir á 2.hæð/svalahurð** (01.441.103) Mál nr. BN056243
Skjalnr.
Thelma Ósk Jóhannesdóttir, Langholtsvegur 136, 104 Reykjavík
Lagt er fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa dags. 25. júní 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteyptan bílskúr og bæta við svölum og svalahurð á 2. hæð húss á lóð nr. 136 við Langholtsveg. Einnig lagðir fram nýir uppdættir dags. 4. júlí 2019. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019.
Stærð bílskúrs: 31,5 ferm., 79,1 rúmm.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda á því fyrirkomulagi sem sýnt er á teikningum teiknistofunnar RUM dags. 24. apríl 2019. Gjald kr. 11.200
Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019. Samræmist deiliskipulagi.
22. **Frostaskjól 61, (fsp) stækkun lóðar** (05.151) Mál nr. SN190249
Skjalnr. 14119
Björn Patrick Swift, Frostaskjól 61, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. apríl 2019 var lögð fram fyrirspurn Björns Patrick Swift dags. 13. apríl 2019 ásamt greinargerð dags. 13. apríl 2019 um stækkun lóðarinnar nr. 61 við Frostaskjól um tvo metra til suðurs. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júní 2019. Lagður fram tölvupóstur fyrirspyrjanda dags. 3 júlí 2019. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019 samþykkt.
23. **Pósthússtræti 1, (fsp) söluvagn** (01.118.5) Mál nr. SN190375
Skjalnr. 9592
Jóhann Friðrik Haraldsson, Traðarland 14, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Skúbb ehf. dags. 20. júní 2019 ásamt bréfi dags. 13. júní 2019 um að koma fyrir söluvagni á torginu við Pósthússtræti 1.
Neikvætt, samræmist ekki deiliskipulagi.
24. **Nökkvavogur 8, Byggja við bílskúr og anddyri** (01.441.004) Mál nr. BN056339
Skjalnr.
Guðlaugur Hannesson, Nökkvavogur 8, 104 Reykjavík
Ásta Huld Eiríksdóttir, Nökkvavogur 8, 104 Reykjavík
Lagt er fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa dags. 25. júní 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja við áður samþykktan bílskúr og viðbyggingu við norðanvert hús á lóð nr. 8 við Nökkvavog. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019.
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019. Sækja þarf um breytingu á deiliskipulagi.
25. **Korngarðar 1, breyting á deiliskipulagi** (01.332) Mál nr. SN190262
Skjalnr. 12165
500310-0490 DAP ehf, Litlu-Tungu, 270 Mosfellsbær

Að lokinni grenndarkynningu er nú lögð fram að nýju umsókn Guðmundar Odds Víðissonar dags. 23. apríl 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skarfabakka - Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 1 við Korngarða. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður að hluta á suðvesturhorni reitsins til suðurs, nýtingarhlutfall hækkar úr 0,5 í 0,55 og kvöð er á lóðinni þar sem fyrir eru fráveitulagnir og þarf að færa lagnir út fyrir byggingarreit, samkvæmt uppdr. DAP ehf. dags. 4. apríl 2019. Einnig er lagt fram bréf Faxaflóahafna dags. 12. apríl 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 4. júní 2019 til og með 4. júlí 2019. Engar athugasemdir bárust. Einnig lagður fram uppdr. dags. 4. apríl 2019, með auknu nýtingarhlutfalli árituðu, með samþykki hagsmunaaðila. Einnig lagður fram lagfærður uppdráttur dags. 4. apríl 2019, breytt 4. júlí 2019.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar

26. **Kamsvegur 24, Viðbygging** (01.354.107) Mál nr. BN056239
Skjalnr. 11814
Viggó Þór Marteinnsson, Kamsvegur 24, 104 Reykjavík
Þórhildur Þórisdóttir, Kamsvegur 24, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júní 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. júní 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypta viðbyggingu sem hýsa á vinnustofu og garðskála við vesturgafli bílskúrs á lóð nr. 24 við Kamsveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019.
Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019.
27. **Lautarvegur 8, (fsp) hækkun** Mál nr. SN190387
Skjalnr.
nýtingahlutfalls hússins v. breytinga á efstu hæð. Breyta svalalokun - B rými í A rými
591016-0910 Vogurinn fasteignafélag ehf., Lautarvegi 8, 103 Reykjavík
Ómar Steinar Rafnsson, Kóngsbakki 5, 109 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Ómars Steinars Rafnssonar dags 14. júní 2019 ásamt uppdrætti dags 9. september 2018 varðandi hækkun nýtingahlutfalls hússins v. breytinga á efstu hæð og breytingu á svalalokun. B rými í a rými.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
28. **Lyngháls 2, (fsp) varðandi byggingu á** (04.326.4) Mál nr. SN190396
Skjalnr. 9437
léttbyggðu skýli á lóð
590517-1270 Jökulberg ehf., Borgarbraut 74, 310 Borgarnes
Lögð fram fyrirspurn Jökulbergs ehf. dags 13. júní 2019 varðandi byggingu á léttbyggðu skýli á lóðinni nr. 2 við Lyngháls ásamt teikningum Límtré Vírnets ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
29. **Njálsgata 51, breyting á deiliskipulagi** (01.190.1) Mál nr. SN190078
Skjalnr. 13289
Sara Marti Guðmundsdóttir, Njálsgata 51, 101 Reykjavík
Jeannot A. Tsirenge, Fellsmúli 15, 108 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Jeannot A. Tsirenge dags. 27. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Njálsgötureits vegna lóðarinnar nr. 51 við Njálsgötu. Í breytingunni felst stækkun á norðurhorni 2. hæðar hússins, samkvæmt uppdr. Jeannot A. Tsirenge arkitekts dags. 5. maí 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 24. maí 2019 til og með 25. júní 2019. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar
30. **Laugarásvegur 37, (fsp) stækkun** (01.382.1) Mál nr. SN190366
Skjalnr. 6075
bilgeymslulóðar við enda Kleifarvegur
Stefán Friðfinnsson, Laugarásvegur 37, 104 Reykjavík
591184-1139 Möndull verkfræðistofa ehf, Birkihlíð 8, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. júní 2019 var lögð fram fyrirspurn Sveinbjörns Jónssonar dags. 13. júní 2019 um stækkun bílgeymslulóðar við enda Kleifarvegur og reisa bílgeymslu við norðurgafll bílgeymslunnar fyrir lóðina nr. 37 við Laugarásveg, samkvæmt uppdr. Möndull verkfræðistofu ehf. dags. 20. nóvember 2018. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 5. júlí 2019..

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019 samþykkt.

31. **Baldursgata 30, (fsp) setja kvisti á þak hússins** (01.182.2) Mál nr. SN190360
Skjalnr. 8476

Haukur Elías Benediktsson, Kaplaskjólsvegur 58, 107 Reykjavík
Ingi Gauti Ragnarsson, Baldursgata 30, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. júní 2019 var lögð fram fyrirspurn Hauks Elíasar Benediktssonar dags. 6. júní 2019 um að setja þrjá kvisti á þak hússins á lóð nr. 30 við Baldursgötu, samkvæmt uppdr. Artitus ehf. dags. 11. maí 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 5. júlí 2019.

Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019.

32. **Efstaleiti 9, breyting á deiliskipulagi** (01.745.4) Mál nr. SN190170
Skjalnr. 10135

560496-2739 Arkitektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík
530269-2649 Rauði krossinn á Íslandi, Efstaleiti 9, 103 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er nú lögð fram að nýju umsókn Arkitekta Laugavegi 164 ehf. dags. 13. mars 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi RÚV-reits vegna lóðarinnar nr. 9 við Efstaleiti. Í breytingunni felst að byggingarreitur verður tvískiptur þ.e. byggingarreitur fyrir 3 hæðir verður á norðanverði lóð og byggingarreitur fyrir 2 hæðir að sunnanverðu, skilmálatafla breytist hvað varðar bílastæði auk þess sem núverandi fyrirkomulag á lóð m.t.t. byggingar, bílastæða og gróðurs er uppfært í samræmi við það sem þegar er byggt, samkvæmt uppdr. Arkitekta Laugavegi 164 ehf. dags. 13. mars 2019. Erindið var grenndarkynnt frá 24. maí 2019 til og með 25. júní 2019. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar

33. **Kjalarnes, Árvellir, (fsp) breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN190336
Skjalnr. 10154

480514-0680 Leiguafli slhf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík
Pétur Hálfán Jónsson, Hamrahlíð 23, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. júní 2019 var lögð fram fyrirspurn Péturs Hálfánar Jónssonar dags. 28. maí 2019 ásamt greinargerð dags. 27. maí 2019 um breytingu á deiliskipulagi Árvalla á Kjalarnesi sem felst í stækkun á byggingarreit lóðarinnar og í viðbót við þegar byggð hús verði heimilt að byggja fjögur gistihús með átta 24. fm. gistirýmum hvert og tvö gistihús með sex gistirýmum hvert ásamt því að byggð verði sjö 52 fm. smáhýsi og fimm 30 fm. smáhýsi, samkvæmt uppdr. Péturs Hálfánar Jónssonar dags. 27. maí 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. júní 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. júní 2019 samþykkt.

34. **Hringbraut 116, breyting á deiliskipulagi** (01.138.2) Mál nr. SN190401
Skjalnr. 12848

660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Plúsarkitekta ehf. dags 27. júní 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Byko reitar á lóðinni nr. 77 við Sólvallagötu og nr. 116 við Hringbraut.

Breytingin felst í hækkun hámarksfjölda íbúða úr 70 íbúðum í 84, inn- og útkeyrsla í bílakjallara heimiluð frá Hringbraut en engin útkeyrsla við Sólvallagötu, svaðir megi ná út fyrir lóðarmörk byggingu sem stendur við Hringbraut samkvæmt greinagerð Plúsarkitekta ehf. dags 27. júní 2019. Einnig lagður fram deiliskipulags uppdráttur Plúsarkitekta ehf. dags 27. júní 2019. Ennfremur lagðar fram skýringamyndir og skuggavarp, dags. 27.júní 2019., breytt 3. júlí 2019.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 7.5 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13.40.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Haukur Hafliði Nínuson.